

Fundur stjórnar byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

haldinn á Hótel Skálholti í Bláskógabyggð miðvikudaginn 1. mars 2023 kl. 14:00

Mætt: Ása Valdís Árnadóttir, Iða Marsibil Jónsdóttir, Ásta Stefánsdóttir, Jón Bjarnason, Helgi Kjartansson, Árni Eiríksson og Bjarni Hlynur Ásbjörnsson.

Auk þess sátu fundinn Anný Ingimarsdóttir deildarstjóri velferðarþjónustu Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. og Bryndís Gunnlaugsdóttir starfsmaður KPMG.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ása Valdís Árnadóttir.

1. Stjórn skiptir með sér verkum.

Stjórn samþykkti samhljóða að Hulda Kristjánsdóttir yrði formaður og Aldís Hafsteinsdóttir yrði ritari.

2. Prókúra.

Stjórn samþykkti samhljóða að veita formanni, Huldu Kristjánsdóttur og deildarstjóra velferðarþjónustu, Anný Ingimarsdóttur, prókúru fyrir hönd byggðasamlagsins Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

3. Skipun í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs. á grundvelli tilnefninga sveitarfélaganna og kosning formanns og varaformanns.

Lagðar fram tilnefningar sveitarfélaganna um nefndarmenn í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Flóahreppur

Sigurbára Rúnarsdóttir og til vara Helena Hólm

Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Andrea Sif Snæbjörnsdóttir og til vara Gunnhildur Valgeirsdóttir

Bláskógabyggð

Trausti Hjálmarsson og til vara Áslaug Alda Þórarinsdóttir

Grímsnes- og Grafningshreppur

Steinar Sigurjónsson og til vara Dagný Davíðsdóttir

Hrunamannahreppur

Bjarney Vignisdóttir og til vara Katrín Þorvaldsdóttir.

Stjórn samþykkti samhljóða tilnefningarnar.

Stjórn samþykkti samhljóða að Sigurbára Rúnarsdóttir yrði formaður fagnefndar.

Stjórn samþykkti að Steinar Sigurjónsson yrði varaformaður.

4. Ákvörðun um þóknun fyrir fundarsetu í fagnefnd Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn ræddi þóknun fyrir fundarsetu í fagnefnd.

Stjórn samþykkti samhljóða að þóknun fyrir fundarsetu verði tengd við þingfarakaup og mun formaður nefndarinnar fá 3% af þingfarakaupi og almennur nefndarmaður fær 1,5% af þingfarakaupi fyrir hvern fund og tekur þóknunin breytingum í samræmi við breytingar á þingfarakaupi. Jafnframt fær fagnefnd greiddan akstur á fundi nefndarinnar samkvæmt akstursdagbók. Greiðslur fara í gegnum byggðasamlagið og sér starfsmaður nefndarinnar, deildarstjóri velferðarþjónustu um að halda utan um þær.

5. Erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Lagt fram til umfjöllunar erindisbréf fagnefndar Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings bs.

Stjórn samþykkir samhljóða að vísa erindisbréfinu til fagnefndar til umræðu og er Anný falið að kynna erindisbréfið fyrir nefndinni. Erindisbréfið mun síðan koma aftur fyrir stjórn til staðfestingar.

6. Kosning í stjórn Bergrisans bs.

Stjórn samþykkir að Ása Valdís Árnadóttir verði fulltrúi Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. í stjórn Bergrisans bs. og að varamaður verði Hulda Kristjánsdóttir.

7. Tilkynning til ráðuneyta um nýjan félagssamning og tilkynning til fyrirtækjaskrár Skattsins um nýjan félagssamning, stjórn, prókúru og heimilisfang.

Formanni og KPMG falið að tilkynna til barna- og menntamálaráðuneytisins og innviðaráðuneytisins að breytingar hafi átt sér stað á félagssamningi félagsins. Einnig var formanni og KPMG falið að tilkynna breyttan félagssamning til fyrirtækjaskrár Skattsins ásamt tilkynningu um stjórn, prókúru og breytt heimilisfang.

8. Drög að þjónustusamning milli Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. og Hrunamannahrepps.

Farið var yfir drög að þjónustusamning milli Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs. og Hrunamannahrepps. Stjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Hrunamannahrepp. Formanni falið að ganga frá samningi við Hrunamannahrepp fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árnespings bs.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 14:40.